

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
58. fundur –28. október 2002

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 28. október 2002, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 56 fundar heilbrigðisnefndar.

2. Fundargerð 57. fundar heilbrigðisnefndar.

Umræða um skoðunarferð um nokkur athafnasvæði í Hafnarfirði þar sem reknar eru bílapartasölur og kynnisferð í brotajárnsvinnslu Furu ehf. þann 14. október 2002.

3. Fundargerð 47. starfsmannafundar frá 22. október 2002.

3.1 Starfsleyfi.

3.1.1 Auðbrekka 1, Kópavogi - verkstæðisaðstaða.

Lögð fram umsókn Arnórs L. Pálssonar f.h. Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. kt: 411193-2419, dags. 14. ágúst 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Auðbrekku 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

3.1.2 Bjarnastaðir, Bessastaðahreppi - fráveita.

Lögð fram umsókn Gunnars Vals Gíslasonar f.h. Bessastaðahrepps kt: 440169-6869, dags. 9. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fráveitu í Bessastaðahreppi.

Ný starfsemi.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er samþykkt að auglýsa tillögu að starfsleyfi.

3.1.3 Bæjarhraun 16, Hafnarfirði - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Álfhildar Pálsdóttur f.h. BP ehf. kt: 440898-2039, dags. 4. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án matsölu að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Lagt fram bréf heilbrigðisfulltrúa til Bárðar Halldórssonar vegna starfsleyfisumsóknar dags. 10.10.2002.

Lagt fram bréf Bárðar Halldórssonar f.h. BP ehf. dags. 22.10.2002 þar sem óskað er eftir fresti til að skila inn teikningum að húsnæðinu.

Afgreiðslu frestað og veittur 30 daga frestur til að leggja fram fullgildar teikningar af húsnæðinu.

3.1.4 Dalsmári 9, Kópavogi - líkamsræktarstöð.

Lögð fram að nýju umsókn Páls Kristjánssonar f.h. Sportvangs ehf. kt: 530198-2279, dags. 22. ágúst 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Dalsmára 9-11, Kópavogi. Ný starfsemi.

Lagt fram afrit af bréfi Sporthússins frá 1.10.2002 um úrbætur á loftræstingu.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til Sporthússins og Sportvangs frá 14.10.2002.

Lagt fram afrit af eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlitsins frá 24. október 2002.

Með vísun til heilbrigðisreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni fullnægjandi úttektar af hálfu heilbrigðisfulltrúa.

3.1.5 Dalvegur 16c, Kópavogi - blikksmiðja.

Lögð fram umsókn Ástráðs Magnússonar f.h. Blikksmiðjunnar Auðás h.f. kt: 700988- 1639, dags. 26. september 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs blikksmiðju að Dalvegi 16c, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

3.1.6 Garðatorg 7, Garðabæ - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Berglindar Ó. Kjartansdóttur f.h. Snyrtistofunnar Þitt mál kt: 241073-4169, dags. 7. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða heilbrigðisreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.1.7 Goðatún 1, Garðabæ - myndlistarkennsla.

Lögð fram að nýju umsókn Veru Sörensen f.h. Veru listhúss kt: 250754-2219, dags. 24. júní 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs listhúss að Goðatúni 1, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða heilbrigðisreglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs.

3.1.8 Hafnarbraut 11, Kópavogi - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Bárðar Halldórssonar f.h. Porta ehf. kt: 450701-2540, dags. 4. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án matsölu að Hafnarbraut 11, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða heilbrigðisreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.1.9 Helluhraun 22, Hafnarfirði - veisluþjónusta.

Lögð fram umsókn Francios Fons f.h. Veisla frá Francois Fons kt: 690802-2870, dags. 16. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veisluþjónustu að Helluhrauni 22, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

3.1.10 Hlíðarsmári 8, Kópavogi - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Arnars Gunnlaugssonar f.h. Arnargulls ehf. kt: 500999-2689, dags. 22. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar við Hlíðarsmára 8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.1.11 Hringhella 6, Hafnarfirði - malbikunarstöð.

Lögð fram umsókn Sigpórs Sigurðssonar f.h. Hlaðbæjar-Colas h.f. kt: 420187-1499, dags. 16. október 2002, þar sem sótt er um framlengingu á leyfi til reksturs færanlegrar malbikunarstöðvar sem staðsett verður að Hringhelli 6, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun í 17. gr. reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum er starfsleyfi samþykkt til eins árs. Leyfið er skilyrt því að meginhluti malbiksframleiðslunnar fari fram í aðalverksmiðju fyrirtækisins sem hefur starfsleyfi samkvæmt fylgiskjali 1 með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.1.12 Kársnesbraut 114, Kópavogi - blikksmiðja.

Lögð fram umsókn Guðmundar B. Breiðfjörð f.h. Breiðfjörðsblikksmiðju ehf. kt: 570895-2229, dags. 27. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs blikksmiðju að Kársnesbraut 114, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

3.1.13 Lyngás 12, Garðabæ - fiskisala.

Lögð fram umsókn Rúnars Björgvinssonar f.h. Fiskhúsins Garðabæ ehf. kt: 520701-2140, dags. 23. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskisölu að Lyngási 12, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.1.14 Lyngás 14, Garðabæ - meindýraeyðing.

Lögð fram umsókn Smára Sveinssonar f.h. Varna og eftirlits ehf. kt: 520301-2080, dags. 18. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fyrirtækis sem fæst við meindýravarnir að Lyngási 14, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til heilbrigðisreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.1.15 Skemmuvegur 30, Kópavogi - bifreiðasprautun.

Lögð fram umsókn Árna Björnssonar f.h. Lakkskemmunar ehf. kt: 600984-0639, dags. 27. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautunar og réttunga að Skemmuvegi 30, Kópavogi. Breytingar á húsnæði.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

3.1.16 Smiðjuvegi 1, Kópavogi - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Báru H. Erlingsdóttur f.h. Hárlengingar ehf. (Wink) kt: 460502-2250, dags. 17. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Smiðjuvegi 1, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til heilbrigðisreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.1.17 Smiðjuvegur 4a, Kópavogi - heildverslun.

Lögð fram umsókn Jóns Ólafssonar f.h. Snæfisks hf. kt: 681292-2849, dags. 14. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar á frosnum fiskafurðum að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.1.18 Smiðjuvegur 22, Kópavogi - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Ingólfs Aðalsteinssonar f.h. Bifreiðaverkstæðis Friðriks Ólafssonar hf. kt: 680994-2779, dags. 17. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Smiðjuvegi 22, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

3.1.19 Smiðjuvegur 58d, Kópavogi - blikksmiðja.

Lögð fram umsókn Ólafs Högnasonar f.h. Alur blikksmiðja kt: 590697-2149, dags. 30. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs blikksmiðju að Smiðjuvegi 58d, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

3.1.20 Suðurhraun 12c, Garðabæ - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Marteins Jónssonar f.h. Info skiltagerð ehf. kt: 660402-6830, dags. 26. september 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentiðnaðar að Suðurhrauni 12c, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina.

3.1.21 Vesturvör 30c, Kópavogi - heildverslun m/hreingerningarefni.

Lögð fram umsókn Hinriks Morthens f.h. Filttertækni ehf. kt: 691287-1069, dags. 11. október 2002, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildsölu með hreingerningarefni að Vesturvör 30c, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til heilbrigðisreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.2 Umsagnir.

3.2.1 Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði - Café Aroma.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 10. október 2002, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Más Guðmundssonar kt: 180377-4769, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingahúsið Café Aroma ehf. kt: 500702-2650, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Staðfest jákvæð umsögn.

3.2.2 Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði - Café Aroma.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 16. október 2002, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóns Más Guðmundssonar kt: 180377-4769, sem sækir um vínveitingaleyfi fyrir veitingahúsið Café Aroma ehf. kt: 500702-2650, Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

3.2.3 Helluhraun 22, Hafnarfirði - Veisla frá Francois L. Fons.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 16. október 2002, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Francios L. Fons kt: 020847-7009, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Veislubjónustunnar Veisla frá Francios L. Fons kt: 690802-2870 að Helluhrauni 22, Hafnarfirði. Staðfest jákvæð umsögn.

3.3 Annað

3.3.1 Eftirlitverkefni.

Lögð fram könnun á magnmerkingum matvæla 2002.

3.4 Auðbrekka 14, Kópavogi - prentiðnaður, ónæði, auglýsing á starfsleyfi.

Lögð fram að nýju umsókn Jóns Svans Sigurðssonar f. h. Svansprents ehf. kt. 681073 0199, dags. 17. júlí 2002, þar sem sótt er um endurnýjun á starfsleyfi í framhaldi af breytingum á húsnæði. Fyrirliggur staðfesting byggingarfulltrúa Kópavogs á að umrædd starfsemi samræmist gildandi skipulagi. Tillaga að starfsleyfi var auglýst í 18. tbl. Kópavogspóstsins og Lögbirtingarblaðinu 11. september 2002 ásamt því að vera send til grenndarkynningar til umráðamanna húsnæðis að Auðbrekku 14, Kópavogi.

Athugasemd barst um áhrif rekstursins á starfsemi Yoga-studíós í sama húsi. Athugasemdin barst með erindi frá Ásmundi Gunnlaugssyni og Lísu B. Hjaltsted dags. 4. september 2002 en það erindi var jafnframt sent byggingarfulltrúa Kópavogs.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita umbeðið starfsleyfi til 5 ára með vísun í ákvæði reglugerðar 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem valdið getur mengun þar sem starfsemi er í samræmi við gildandi skipulag og hávaði sem berst frá starfseminni í nærliggjandi húsnæði er undir viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða."

3.5 Hollustuháttaráð.

Lagt fram bréf Hollustuháttaráðs dags. 17. október 2002 varðandi gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Í umsögn ráðsins kemur fram að gjaldskráin samræmis ákvæði 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskrá sem ráðherra hefur gefið út.

3.6 Lækjabotnaland 4 og 5, Kópavogi.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá 4.október 2002 til Ingvars Sveinbjörnssonar hrl. f.h. lóðarhafa að Lækjarbotnalandi 4 og 5 í landi Gunnarshólma í Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Með vísun til ákvæða 14. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með síðari breytingu, 27. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði krefur heilbrigðisnefnd umráðamann lóðanna Lækjarbotnaland 4 og 5 Kópavogi um að leggja fyrir nefndina innan 4 vikna tímasetta áætlun um viðunandi hreinsunar úrgangs og brotamálms af lóðunum."

3.7 Starfsmannahald

Lögð fram tillaga framkvæmdarstjóra um að ráða Rannveigu Einarsdóttur, Blómvangi 10, Hafnarfirði, í starf skrifstofumanns samkvæmt starfslýsingu. Samþykkt.

3.8 Önnur mál.

3.9 Flutningur matvælaeftirlits frá sveitarfélögum til ríkisins

Kynnt var afstaða nýkjörinnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga til málsins.

3.10 Hótanir um beitingu ofbeldis

Í ljósi fjölmiðlaumræðu að undanfögnu um að hótanir um beitingu ofbeldis fari vaxandi var spurst fyrir um hvort starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins yrðu fyrir slíku við störf sín. Upplýst var að á 12 mánaða tímabili hefði verið talin ástæða til að tilkynna þrjú slík tilvik til lögreglu.

3.11 Geymsluloft í iðnaðarhúsnæði nýtt til íbúðar

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins upplýsti að iðnaðarhúsnæði væri nýtt sem starfsmannabústaður að Skeiðarási 10 í Garðabæ. Við vettvangskonunnun hefði komið í ljós að búið væri þar á geymslulofti í bílaverkstæði.

Heilbrigðisnefnd telur að um ólögmeta starfsemi sé að ræða og leggur áherslu á að nauðsynlegum aðgerðum verði fylgt eftir og málið sent lögreglu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Svala Jónsdóttir
Árni Sverrisson
Gestur Pétursson

Andrés Pétursson

Sigurgeir Ólafsson
Jón Bjarni Þorsteinsson
Richard Hansen